



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á þingi
Íþróttá- og ólympíusambands Íslands
17. apríl 2009**

Forseti ÍSÍ,
fyrrum forsetar,
Góðir þingfulltrúar.

Þegar forystusveit íþróttafélagana kemur saman til að móta stefnu og starfshætti er vert að hugleiða hvernig nýliðin misseri hafa varpað óvenjulega skýru ljósi á þann sess sem íþróttirnar skipa í hugum og hjörtum Íslendinga, daglegri önn og á hátíðarstundum, en líka í erfiðleikum og þjóðarvanda.

Við urðum á liðnu ári vitni að því hvernig íþróttahetjur, afreksfólk á keppnisvelli, sameinaði landsmenn á sigurstundu, náði að skapa eina þjóðarsál á slíkan hátt að talið verður til stórtíðinda svo lengi sem Íslendingar rekja sína sögu.

Íþróttahreyfingin færði okkur í fyrra einhverjar stærstu sigurstundir sem Íslendingar hafa lifað frá lýðveldisstofnun. Landslið karla í handboltanum og kvenna í knattspyrnunni sýndu hvað liðsheildin megnar á góðum degi.

Við höfum einnig á tímum kreppu og hruns í efnahagslífi fundið hvernig hinn daglegi vettvangur íþróttastarfsins veitir fjölskyldum nokkurt skjól, færir efnivið í gleðistundir, eykur þrek í glímunni við erfiðleika, úthald þegar þrautir vaxa, vekur von í brjósti þar sem áður ríkti dapurleiki.

Þjálfunin er, eins og við vitum, nauðsynleg hverjum manni, hvort heldur það er röskleg ganga í morgunsárið, boltaleikur með félögunum, sundsprettur í hádeginu, skíðaferð með fjölskyldunni – og íþróttafélögin hafa, sum jafnvel í heila öld, verið vettvangur samstarfs og þroska, uppeldisstöðvar fyrir þátttöku á vettvangi lýðræðis og samfélags.

Í reynd er íþróttastarfið svo samofið gerð þjóðfélagsins að við getum varla hugsað okkur það Ísland sem okkur er kært án þess að framlag íþróttanna skipi þar veglegan sess.

Myndin af tugþúsundum á Arnarhóli þegar þjóðin fagnaði silfurliði mun um aldur og ævi reynast eitt sterkasta táknið um samstöðu Íslendinga, vitnisburður um hvernig íþróttirnar ná að móta sjálfsmynd og sigurvilja heillar þjóðar.

Sú mynd er okkur dýrmætt veganesti þegar áföllin í efnahagslífi móta verkefni dagsins og setja starfsemi ykkar þrengri skorður en áður var.

Samt er rétt að hafa í huga að byggðarlögin búa enn að fjölpætri og glæsilegri aðstöðu sem íþróttastarfinu hefur hlotnast á undanförunum áratugum. Því eru víðast hvar góð skilyrði til að gera íþróttastarfið að öflugum þætti í viðspyrnunni sem þjóðin þarf nú á að halda.

Á tímum atvinnuleysis, tekjutaps og eignamissis er áriðandi að fjölskyldurnar, hinir fullorðnu, börnin og unglíngarnir, geti sótt gleði og kraft í íþróttaiðkan, félagsskapinn, sjálfböðastarfið, hvatningu á keppnisleik.

Það er verðugt verkefni á þessum tímum að leita nýrra leiða í íþróttastarfi til að virkja fjöldann sem nú þarf á hjálp og þjálfun að halda – finna leiðir sem ekki krefjast mikilla útgjalda en fela í sér boð um þátttöku fyrir sem flesta, jafnvel bara í kraftgönguferðum um náttúruna, boltaleikjum fyrir fjölskylduna, helgarmótum og kvöldæfingum þar sem hugmyndin er einfaldlega að vera með, líkt og er leiðarljós hjá Special Olympics og reyndar líka á unglíngalandsmótum UMFÍ sem lengi hafa verið sannkallaðar fjölskylduhátíðir.

Á þessu ári og hinum næstu þarf þjóðin á öflugri þátttöku íþróttafélagana að halda í hinu víðtæka endurreisnarstarfi sem framundan er, þarf að tileinka sér lífsgildin, hugsjónirnar og samstöðuna sem löngum hafa verið burðarásar í árangri félaganna í byggðum landsins, hverfum bæja og borgarinnar, læra hvernig hægt er að ná árangri, hver og einn, um leið og sérhver liðsmaður styður hina.

Þjóðin sem hyllti íþróttahetjur á ágústkvöldi þarfnast nú öflugs liðsinnis hreyfingarinnar – mun fyrir ná á ný auknu afli með sóknaranda og lærdóma íþróttastarfsins að leiðarljósi. Hin félagslega ábyrgð sem jafnan hefur einkennt starf ykkar mun reynast okkur öllum góður grunnur.

Með þeim orðum færi ég íþróttahreyfingunni í senn alúðarþakki og heillaóskir.